

ætti að segjast upp aftur og aftur, svo að hver drengur í Ameríku gæti fengið að heyra hana og gæfi henni gaum. Drengir núna njóta margs þess, sem Lincoln fór á mis við. En ýmislegt var það, sem hann fékk að njóta, en þeir fara á mis við. Náttúran var honum kær; enda hafði hún mikil áhrif á hann. Fáar bækur átti hann, en þær bækur, sem hann átti, las hann vel. Og þær komu honum, drengnum, til þess að hugsa alvarlega og djúpt.

Hann var næmur fyrir öllu góðu og göfugu. Það er því engin furða, þó hann yrði með vínbindindi undir eins og hann kyntist því máli.

Þegar Lincoln var drengur, drakk nær því hver maður. Og færri voru þeir, sem þá töluðu máli bindindis, en nú. Á meðal þeirra, sem unnu að því máli á þeim dögum, var „gamli Jón frændi“ eins og hann var kallaður. Hann safnaði fólki saman á fundi í skólahúsunum úr óhöggnu bjálkunum hér og hvar í hinum strjálbygðu sveitum þess landshluta. Fólk kom af forvitni. En sinti venjulega málinu sjálfu lítið.

Eitt minnisstætt kvöld endaði hann bindindisræðu sína með áskorun til manna um að koma og skrifa undir bindindisheitid. Sagan segir, að að eins einn hafi hreyft sig. Hár og slánalegur drengur stóð á fætur og kom inn ganginn. Jafnvel í þeim hóp, sem lítinn menningarbrag hafði á sér, kom hann klunnalega fyrir sjónir, í slitnum fötum mjög grófgerðum; buxaskálmur og ermar voru langt um of stuttar. En það sló kyrð á karlmanna-hópinn, þegar drengurinn, einbeittur á svipinn, beygði sig niður og skrifaði undir „Abraham Lincoln.“

Sagan geymir það, sem gerðist það kvöld. Lincoln þakkaði ávalt bindindis-reglu sinni mikið af velgengni sinni í lífinu. Og mörgum árum seinna, þegar hann var orðinn forseti Bandaríkjanna, hafði hann ánægju af því að hafa hjá sér í „Hvítahúsinu“ „Jón gamla frænda“ fyrir gest. Sagði hann þá við Jón: Eg á þér meira upp að unna en nærri því nokkrum öðrum, sem mér kemur til hugar. Ef eg hefði ekki skrifað undir bindindis-skuldbindinguna hjá þér á freistinga-tíma æsku minnar, hefði líklega farið fyrir mér eins og fór fyrir svo mörgum